

Mál nr. 278/2014
M og
V vegna ferðatryggingar.

Afbókun ferðar vegna veikinda þ. 20.5.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 9.9.2014. ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

M keypti farmiða með flugfélagi en þurfti að afbóka hana vegna spengingar á hálsliðum vegna brjós-kloss sem að M taldi að mundi hafa gengið til baka þegar ferðin yrði farin. M telur skilmála ferðarofstryggingar vera óréttmæta og ekki sé nægjanlega tekið tillit til aðstæðna eins og þeirra sem hér ræðir um. V hafnar bótaskyldu og segir að veikinda M hafi fyrst orðið vart 20.maí 2014 en farmiðinn hafi verið keyptur þ. 4. júní 2014. Veikindi M hafi því verið til staðar þegar ferðin var keypt og því sé ekki um bótaskyld tjón úr ferðatryggingu M hjá V að ræða.

Álit.

Samkvæmt læknisvottorði dags.11.8.2014, varð veikinda M, brjós-klos, fyrst vart 20. maí 2014. Brjós-klosið var með versnandi einkennum frá miðjum júní 2014 sem leiddi til spengingaraðgerðar 4. júlí 2014 og M því ekki talin ferðafær fyrr en um miðjan september 2014 en hafði keypt farmiða með fyrirhugaðri brottför þ.24. ágúst 2014. M gat því ekki farið umrædda ferð af því að hann var ekki ferðafær á þeim tíma. Farmiðann keypti M þ. 4. júní 2014, en á þeim tíma voru veikindi hans sem leiddu til þess að hann gat ekki nýtt farmiðann til staðar. Samkvæmt ákvæðum vátryggingaskilmála ferðarofstryggingarinnar þá er ferðarof vegna veikinda sem eru til staðar þegar farmiði er keyptur ekki bótaskyld úr ferðatryggingunni. M á því ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.10.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.